

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. mars 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

15. mars 1979.

Nr. 144.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á frystri rækju fyrir tímabilið 1. janúar til 31. maí 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á frystri rækju fyrir tímabilið 1. janúar til 31. maí 1979:

Vélskelflett rækja:	Ísl. kr á kg Cif.
Blokkfryst	2 300.00
5x2 kg og 4x2.5 kg vatnshúð, sérfryst	2.300.00
5x2 kg og 4x2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2 423.00
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	2 683.00
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	2 804.00

Verðbil verður 4%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

15. mars 1979.

Nr. 145.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1979: